



Reykjavíkurborg
Minjasafn Reykjavíkur

Alþingi
Erindi nr. P 135/1890
komudagur 27.3.2008

Reykjavík, 26. mars 2008
2008030009
043

Nefndarsvið Alþingis

Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Þingsályktunartillaga um sjávarlíffræðisafn og rannsóknarsetur á Akureyri.

Óskað er umsagnar um ***þingsályktunartillögu um sjávarlíffræðisafn og rannsóknarsetur á Akureyri, 116. mál.*** Í tillögunni er gerð tillaga um að sjávarlíffræði og rannsóknarsetur verði stofnsett í samvinnu við Háskólann á Akureyri og sveitarfélög við Eyjafjörð. Í greinargerð kemur fram að "*Safn um líffræði sjávar hlýtur að vera eitt af höfuðsöfnum landsins, ...*"

Bent er á að samkvæmt safnalögum nr. 106/2001 eru höfuðsöfn þrjú, Þjóðminjasafn Íslands, Listasafns Íslands og Náttúruminjasafn Íslands. Samkvæmt safnalögum er hlutverk höfuðsafna að vera "miðstöð safnastarfsemi hvert á sínu verksviði". Náttúruminjasafn Íslands er höfuðsafn á sviði náttúrufræða, sbr. lög nr. 35/2007. Samkvæmt þeim lögum er hlutverk þess að: "varpa ljósi á náttúru Íslands, náttúrusögu landsins, nýtingu náttúruauðlinda og náttúruvernd, auk þess að varpa ljósi á samspil manns og náttúru og á náttúru landsins í alþjóðlegu samhengi." Samkvæmt sömu lögum er safn stofnun "opin almenningi, sem hefur það hlutverk að safna heimildum um manninn, sögu hans, umhverfi og náttúru landsins, standa vörð um þær, rannsaka, miðla upplýsingum um og hafa þær til sýnis svo að þær megi nýtast til rannsókna, fræðslu og skemmtunar."

Það verðu því ekki annað séð að það hlutverk sem sjávarlíffræðisafni og rannsóknarsetri á Akureyri sé ætlað samkvæmt tillögunni sé nú þegar á verksviði Náttúruminjasafns Íslands, ***söfnun, rannsóknir og miðlun og sýning***. Varað er við því að stofna ný söfn eða setur meðan höfuðsöfn landsins búa ekki við þau skilyrði að geta sinnt því hlutverki sem þeim er ætlað samkvæmt safnalögum. Því miður hafa Náttúruminjasafni Íslands enn ekki verið búin þau skilyrði að því sé kleyft að sinna hlutverki sínu, til þess þarf fjárveitingar til að byggja upp safnið. Það er brýnt að Alþingi beiti sér fyrir því að svo verði sem fyrst þannig að safnið geti stuðlað að rannsóknum á náttúru Íslands í samstarfi við þær stofnanir sem það kýs að eiga samstarf við og einnig að það geti sinnt skyldum sínum með vönduðum sýningum um náttúru Íslands bæði í Reykjavík þar sem aðsetur safnsins er, en einnig með sérsýningum á stöðum þar sem aðstæður er til þess.

Virðingarfyllt

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Guðný Gerður Gunnarsdóttir', written in a cursive style.

Guðný Gerður Gunnarsdóttir
borgarminjavörður